

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 164/2025

frá 11. júlí 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/272 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir L-systíni sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/273 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/275 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuruakefni fyrir kanínur aðrar en kanínuunga á spena og undaneldiskanínur (leyfishafi er S. I. Lesaffre) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/276 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/277 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/278 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir sedru-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/272, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/272/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/273, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/273/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/275, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/275/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2025/276, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/276/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2025/277, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/277/oj

sviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sem fóðu-raukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁶⁾.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/279 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir kajepu-tilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sem fóðu-raukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/281 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir própýlgallati sem fóðu-raukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/284 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólýgalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sem fóðu-raukefni fyrir fráfærugrísi og um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðu-raukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011 ⁽⁹⁾.
- 10) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/272 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1006/2013 ⁽¹⁰⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 11) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/275 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012 ⁽¹¹⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 12) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/284 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011 ⁽¹²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 13) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2025/278, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/278/oj

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2025/279, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/279/oj

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2025/281, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/281/oj

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/284, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/284/oj

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 59.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 108, 20.4.2012, bls. 6.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 6.

á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

14) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 618. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2414):

„619. **32025 R 0272:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/272 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir L-systíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1006/2013 (Stjtið. ESB L, 2025/272, 13.2.2025).

620. **32025 R 0273:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/273 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* DSM 34271 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/273, 13.2.2025).

621. **32025 R 0275:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/275 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir kanínur aðrar en kanínuunga á spena og undaneldiskanínur (leyfishafi er S. I. Lesaffre) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 334/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/275, 13.2.2025).

622. **32025 R 0276:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/276 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir negultinktúru úr *Syzygium aromaticum* (L.) Merr. & L.M. Perry sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/276, 13.2.2025).

623. **32025 R 0277:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/277 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/277, 13.2.2025).

624. **32025 R 0278:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/278 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir sedru-sviðarilmkjarnaolíu (Texas) úr *Juniperus deppeana* Steud. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/278, 13.2.2025).

625. **32025 R 0279:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/279 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir kajeputilmkjarnaolíu úr *Melaleuca cajuputi* Maton & Sm. ex R. Powell og *Melaleuca leucadendra* (L.) L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/279, 13.2.2025).

626. **32025 R 0281:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/281 frá 12. febrúar 2025 um leyfi fyrir própýlgallati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2025/281, 13.2.2025).

627. **32025 R 0284:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/284 frá 12. febrúar 2025 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49755, endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* MUCL 49754 og pólygalaktúrónasa sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 sem fôðuraukefni fyrir fráfærugrísi og um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fôðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er AVEVE BV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 527/2011 (Stjtið. ESB L, 2025/284, 13.2.2025).“

2. Texti liða 2zg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2011), 2zzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012) og 2zzo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1006/2013) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2025/272, (ESB) 2025/273, (ESB) 2025/275, (ESB) 2025/276, (ESB) 2025/277, (ESB) 2025/278, (ESB) 2025/279, (ESB) 2025/281 og (ESB) 2025/284 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júlí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2025.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður